

Hlið á Álftanesi í nálægð við sjó og náttúru

-viðtal við eiganda veitinga- og gististaðarins Hliðs

Garðbæinginn Jóhannes Viðar Bjarnason þarf vart að kynna. Hann á og rekur veitingastaðinn Fjörukrána og hótelið Hótel Víking í Hafnarfirði. Auk þess er hann vel þekktur fyrir árlega Víkingahátíð sem haldinn er í Hafnarfirði og hefur vakið athygli langt út fyrir 200 sjómílnar. Margir efuðust í fyrstu þegar ævintýrið hófst fyrir tæpum aldarfjórðungi en hafa eflaust skipt um skoðun síðan þá. Nú er annað ævintýri hafið því Jóhannes Viðar festi kaup á veitinga- og gististaðnum Hliði út á Álftanesi í Garðabæ. Sigríður Dóra Gísladóttir spurði Jóhannes Viðar út í liðna tíma og framtíðaráætlanir staðarins þar sem fjaran með fjölbreyttu fuglalífi breiðir út faðm sinn.

„Mig hefur alltaf langað til að búa upp í sveit þar sem ég get um leið verið í nálægð við borgina. Þegar þessi yndislegi staður var kominn á sölu sá ég fram á að geta látið þann draum rætast og eftir nokkra umhugsun sló ég til,“ segir Jóhannes Viðar um tilurð þess að Hlið varð hans.

Dæturnar feta í fótspor föðurins

Jóhannes Viðar segir jafnframt að á þessum tímamarki í lífi hans hafi hann verið búinn að vera á sama staðnum í allt of langan tíma og fannst starfið orðið ansi einhæft og eintómar endurtekningar. „Nú þegar tvær af dætrum mínum eru komnar meira inn í reksturinn á Fjörukráni, ásamt stórkostlegu starfsfólki, sá ég mér fært að losa aðeins um mig og fá að spreyta mig í því sem mér líður best með - sem er að fá að gera eitthvað nýtt og skapa það frá grunni. Stelpurnar mínar, þær Birna Rut og Unnur Ýr reka Fjörukrána og hótelið með stæl og ég læt duga að gægjast aðeins yfir öxlina á þeim við og við.“

Vill fleiri herbergi og fullnýttan veitingastað

Hlið var friðlýst sem fólkvangur árið 2002 en markmið friðlýsingarinnar var að tryggja landsvæði til útivistar og almenningsnota. Einstök fjaran og aðliggjandi sjávarsvæði eru kjörin til náttúruskoðunar eins og fugla- og fjöruskoðunar og aðgengi að svæðinu er gott.

Að Hliði eru nú þegar sex ágætlega útbúin herbergi sem öll eru með sér inngangi og gistirými fyrir tvo til fjóra í hverju herbergi. „Þetta er svokölluð heimagisting og ég er að vonast til að fá að byggja fleiri herbergi þannig að veitingastaðurinn sem þar er fyrir verði fullnýttur sem morgunverðarstaður fyrir gesti sem gista hjá okkur. Þá sé ég fyrir mér að

veitingastaðurinn verði einnig nýttur sem kvöldverðarstaður og verði nýttur öll kvöld vikunnar, en þá eingöngu fyrir hópa. Staðurinn tekur 48 manns í sæti, en maturinn þar verður í svokölluðu hlaðborðsformi og er rekinn samhliða Fjörukránni og Hótel Víkingi.“

Nýta nálægð við sjó og náttúruna

Spurður út í frekari hugmyndir og drauma varðandi Hlið segir Jóhannes Viðar staðurinn bjóða upp á ótal möguleika. „Eins og fyrr segir þá vonast ég til að fá leyfi til að bæta við gistaðstöðuna. Þær viðbætur myndi ég setja fram í torfbæjarstíl þar sem ein burst yrði eitt herbergi. Bærinn sem þar stendur nú er burstabær og það er útlitið sem ég vil halda í fyrir frekari uppbyggingu.

Fyrir allmörgum árum var einnig borað þarna eftir vatni sem ekki nýttist á þeim tíma þar sem það var blandað sjó. Ég sé fyrir mér að hægt verði að nýta sér það og að þarna verði litlar náttúrulegar setlaugar við sjávarmálið og það væri auðvelt að nýta þarann í þessi sjóböð. Staðurinn býður upp á ótal möguleika á að nýta nálægðina við sjóinn og náttúruna, að tengja þetta tvennt saman við það sem fyrir er, eins og hestamennsku, golf og sundlaugina. Annars er best að segja sem minnst og leyfa þessu að þróast í þá átt sem þetta vill fara,“ segir Jóhannes Viðar og brosir. Þessa dagana er Jóhannes Viðar og hans fólk í nokkurs konar tilraunum varðandi það hvað best er að bjóða upp á fyrir matargesti. „Eins erum við að fylgjast með og að meta hvernig gestir taka því sem fyrir er og í framhaldi af því að halda uppbyggingu áfram þegar þau leyfi koma sem til þarf, sem vonandi verður fljótlega.“

Vildi vinna hjá sjálfum sér

Eins og fyrr segir opnaði Jóhannes Viðar Fjörukrána fyrir tæpum aldarfjórðungi síðan en á þeim tíma var ekki ætlunin að ílengjast í þeim rekstri. „Það var árið 1989 að ég tók þá ákvörðun að opna minn eigin stað. Þá var ég búinn að vinna í þessum rekstri og hafði unnið sem þjónn og allt upp í það að reka staði fyrir aðra. Mér fannst orðið tímabært að ég færi að púla fyrir mig sjálfan en ekki aðra. Planið var að opna þennan stað og reka í nokkur ár og selja síðan. Fjörukráin opnaði árið 1990 og árin hafa liðið og ég er enn að. Ég sá það ekki fyrir á þessum tíma hversu farsæl sú ganga varð og uppbyggingin hefur fengið að þróast ár frá ári upp í það sem hún er orðin í dag. Á Hótel Víkingi sem er við hlið Fjörukráarinnar eru 42 gistiherbergi. Staðsetningin er frábær, en um fimm mínútna akstur er til hestaleigunnar Íshesta, álfabyggðin í Hellisgerði er í nágrenninu og það er hægt að fá upplýsingar um gönguferðir í

Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Strandgötu. Þá er Suðurbæjarlaugin í göngufæri, auk verslunarmiðstöðvarinnar Fjarðar.“

Garðbæingar upphafsmenn Víkingahátíðar í Hafnarfirði

Víkingahátíðin í Hafnarfirði er elsta og stærsta hátíð sinnar tegundar hér á landi og hefur fest sig rækilega í sessi. Hátíðin er árleg og er haldin í júní í kringum þjóðhátíðardag okkar Íslendinga, 17. júní. Hún er staðsett við Fjörukrána í miðbæ Hafnarfjarðar og þangað kemur fólk hvaðanæva að til að taka þátt og er um leið að heiðra minningu forfeðra okkar og menningararf. Á Víkingahátíðinni klæðir fólk sig upp í sitt fínasta púss að víkingasið og nútímavíkingar kynna fjölbreyttar hliðar menningar víkingaaldar. Má þar nefna siglingar, handverk, matargerð, leiki, sagnalist, bogfimi, bardaga og tónlist.

Þrátt fyrir sterkar tengingar við víkinga er ekki víst að margir hefðu tekið þann slag að setja á eina slíka hátíð, enda efuðust ýmsir í upphafi. „Þetta byrjaði allt með einu símtali frá Kaupmannahöfn,“ segir Jóhannes Viðar þegar hann er spurður út í tilurð hátíðarinnar. „Ég var spurður hvort ég væri tilbúinn í að halda víkingahátíð á Íslandi, en þá var ég búinn að opna víkingaveitingastað samhliða Fjörukránni sem var nánast uppbókaður hvern einasta dag. Ég var ekki lengi að ákveða að þetta þyrfti að bætast við reksturinn. En það gekk frekar illa að fá bæjarfélagið og aðra með mér í lið því öllum fannst þetta hin mesta vitleysa. Það var ekki fyrr en ég fékk til liðs við mig vin minn og fóstur, Garðbæinginn Stein Lárusson sem þá var starfandi hjá Flugleiðum, að boltinn fór að rúlla. Þá opnuðust allar gáttir og fleiri vildu taka þátt í þessu með okkur og vera partur af þessari hátíð. Síðan stofnuðum við félag í kringum þennan viðburð og fyrstu þrjár hátíðarnar voru haldnar með þessu fyrirkomulagi. Síðan keypti ég upp félagið og hef rekið þessa hátíð sjálfur með dyggum stuðningi vinveittra aðila. Það er gaman að segja frá því að í ár verður hátíðin haldin í átjándu sinn en sú fyrsta var árið 1995.“ Jóhannes Viðar skýtur því inn í að í sögulegu ljósi megi í raun segja að Garðbæingar hafi komið Víkingahátíðinni af stað í Hafnarfirði. „Ég hef reyndar aldrei hugsað út í það fyrr.“

Góður matur og söngur aðalsmerki staðarins

Jóhannes Viðar hefur búið í Garðabæ í 30 ár en er ekki alveg tilbúinn að gangast við því að vera víkingur. „Ég er að sjálfsögðu stoltur Garðbæingur en ég get nú ekki sagt að ég líti á mig sem víking þó svo að flesta daga fram að þessu hafi ég klæðst víkingafötum. Það var fyrst og fremst gert til að skapa okkur sérstöðu og aðgreina staðinn frá öðrum stöðum,“ segir Jóhannes Viðar og segist hafa búið til stað sem eingöngu var hugsaður

sem ferðamannastaður. Það kom honum því skemmtilega á óvart hvað Íslendingar tóku honum vel þegar hann opnaði. „Ég hef alla tíð reynt að tengja mat og söng saman og hefur það orðið eitt aðalsmerki Fjörukráarinnar hversu gott söngfólk og jafnvel leikarar hafa verið við vinnu hjá mér, fyrir utan að þetta litla þorp mitt á sér enga hliðstæðu.“

Í anda 19. aldarinnar

Jóhannes Viðar segir það von sína að hann fái tækifæri til að þróa nýja staðinn sinn, Hlið, í þann farveg sem hentar þeim fallega staðsetta stað. „Eitt er þó víst að það verða ekki margir víkingar þar á vappi, heldur verður þarna lítið naust og reynt að elta þann tíma þegar Hlið var eitt helsta fiskiver landsins. Í kringum 1860 var þar mikið og stórt útræði, en þá voru þaðan gerðir út níu langæringar ásamt því að yfir 100 manns unnu við fiskvinnslu og höfðu þar búsetu. Þann tíma langar mig til að endurvekja á þeim stað,“ segir Jóhannes Viðar að lokum.

-sdg-